

Sjúkraliðabraut samkvæmt nýrri námskrá 2017 (206 feiningar)

Sjúkraliðanám er 201 feininga nám með námslok á 3. hæfniprepi. Námið skiptist í almennar greinar, sérgreinar sjúkraliðabrautar, vinnustaðanám og starfsþjálfun.

Tilgangur sjúkraliðanáms er að undirbúa nemendur undir krefjandi störf við hjúkrun, endurhæfingu og forvarnir bæði á heilbrigðisstofnunum og á heimilum fólks þar sem reynir mikið á samskiptafærni og siðferðisvitund starfsmanna. Í náminu er rík áhersla lögð á samvinnu við starfsfólk og stjórnendur í heilbrigðisþjónustu. Sjúkraliðanám getur verið góður grunnur fyrir frekara nám í heilbrigðisvísindum. Að lokinni brautskráningu frá skóla getur nemandi sótt um löggildingu starfsheitis til Embættis landlæknis og öðlast þá réttindi til að starfa sem sjúkraliði á Íslandi. Starfsheitið sjúkraliði er lögverndað.

Sjúkraliðanámið er samvinna þriggja skóla: Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólans á Ísafirði. Skólarnir skipta með sér kennslu á bóklegum áföngum og eru þeir kenndir eingöngu í fjarnámi á netinu. Hver skóli fyrir sig sér síðan um sína nemendur hvað varðar verklega áfanga svo sem líkamsbeitingu, verklegan hjúkrunaráfanga í byrjun (HJVG1VG05) ásamt vinnustaðanáminu. Einnig hefur hver skóli fyrir sig umsjón með sínum nemendum í starfsþjálfun. Sérgreinum brautarinnar er raðað á sex annir en nemendur geta tekið almennar greinar á sínum eigin hraða. Með hliðsjón af uppsetningu brautarinnar getur brautin verið hentug fyrir einstaklinga sem nám með vinnu eða nemendur sem eiga erfitt með að stunda dagskólanám af ýmsum ástæðum.

Sjúkraliðabraut samkvæmt nýrri námskrá 2017 (206 feiningar)

Forkröfur

Inntökuskilyrði á sjúkraliðabraut er að nemandi hafi staðist grunnskólapróf í samræmi við samræmt námsmat sem ráðuneytið birtir um viðmið við lok grunnskóla í almennum hluta Aðalnámsskrár grunnskóla eða sambærilegt nám.

Skipulag námsins

Skipulag námsins tekur mið af hæfnikröfum sjúkraliða og þeim kröfum sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið setur um hæfniprep áfanga og brauta. Sjúkraliðanámið er samvinna þriggja skóla: Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólans á Ísafirði. Skólarnir skipta með sér kennslu á bóklegum áföngum og eru þeir kenndir eingöngu í fjarnámi á netinu. Hver skóli fyrir sig sér síðan um sína nemendur hvað varðar verklega áfanga svo sem líkamsbeitingu, verklegan hjúkrunaráfanga í byrjun (HJVG1VG05) ásamt vinnustaðanáminu. Einnig hefur hver skóli fyrir sig umsjón með sínum nemendum í starfsþjálfun. Sérgreinum brautarinnar er raðað á sex annir en nemendur geta tekið almennar greinar á sínum eigin hraða. Með hliðsjón af uppsetningu brautarinnar getur brautin verið hentug fyrir einstaklinga sem nám með vinnu eða fyrir nemendur sem eiga erfitt með að stunda dagskólanám af ýmsum ástæðum. Skólum er frjálst að flétta saman bóknámi og vinnustaðanámi að loknum fyrsta áfanga í bóklegri og verklegri hjúkrun samkvæmt skólanámskrá. Vinnustaðanámið fer því fram á stofnunum samhliða bóknáminu.

Starfsnám skiptist í vinnustaðanámi og starfsþjálfun, hvort tveggja á heilbrigðisstofnun. Skólinn gerir samkomulag við heilbrigðisstofnanir um vinnustaðanámi og starfsþjálfun með hæfniviðmið brautar að leiðarljósi.

Sjúkraliðabraut samkvæmt nýrri námskrá 2017 (206 feiningar)

Vinnustaðanám: Vinnustaðaáfangarnir eru þrír talsins þ.e VINN3ÖH08 (verklegt á öldrun), VINN2LS08(verklegt á hand-og lyflæknisdeildum) og VINN3GH08(verklegt á sérdeildum). VINN áfangarnir eru allir byggðir upp eins það er að nemandinn er 15 daga í verklegu námi á deild undir leiðsögn reynds sjúkraliða. Hver áfangi tekur í heild sinni c.a 3 vikur. Verklega námið í VINN áföngunum er ólaunað. VINN áföngum er raðað upp á annir skv.skipulagi. Mætingaskylda er í vinnustaðanámið.

Starfþjálfun: Skóli má ekki útskrifa nemendur nema nemandinn hafi farið í starfþjálfun. Starfþjálfunin er samtals 27 feiningar það er að nemandi þarf að hafa tekið 80 vaktir í 60 – 100% vinnu á að minnsta kosti tveimur deildum eða tveimur stöðum. Nemandi er á launum á meðan á starfþjálfun stendur. Nemandi þarf sjálfur að útvega sér starfþjálfunarpláss en deildarstjóri sjúkraliðanáms þarf að samþykkja námsstaðinn m.a með undirrituðum samningi. Að loknu námi í starfþjálfun þarf skólinn að fá í hendur staðfestingu á að nemandi hafi tekið starfþjálfunina og umsögn um nemandann. Hluta starfþjálfunar má nemandi byrja að taka eftir að hafa lokið VINN3GH08 og bóklegri öldrunarhjúkrun. Ekki er tekið tillit til fyrri starfsreynslu til skerðingar á starfþjálfun né Vinnustaðanámi.

Brautarlýsing sjúkraliðabrautar (í heild sinni) samkvæmt nýrri námskrá.

Almennar greinar – 50 feiningar

Námsgrein	Skammstöfun	1.þrep	2.þrep	3.þrep
Danska	DANS2LS05		5 fein.	
Enska	ENSK2OT05		5 fein.	
Enska	ENSK2TM05		5 fein.	
Enska	ENSK3VF05			5 fein.
Félagsvísindi	FÉLV2IF05		5 fein.	
Íslenska	ÍSLE2MB05		5 fein.	

Sjúkraliðabraut samkvæmt nýrri námskrá 2017 (206 feiningar)

Íslenska	ÍSLE2BM05		5 fein.	
Íþróttir			5 fein.	
Lífsleikni	LÍF1AN03	3 fein.		
Lífsleikni	LÍF1FL02	2 fein.		
Stærðfræði	STÆR2HS05		5 fein	

Sérgreinar sjúkraliðabrautar – 105 feiningar

Námsgrein	Skammstöfun	1.þrep	2.þrep	3.þrep
Heilbrigðisfræði	HBFR1HH05	5 fein		
Hjúkrun	HJÚK1AG05	5 fein.		
Hjúkrun	HJÚK2HM05		5 fein.	
Hjúkrun	HJÚK2TV05		5 fein.	
Hjúkrun	HJÚK3FG05			5 fein.
Hjúkrun	HJÚK3LO03			3 fein.
Hjúkrun	HJÚK3ÖH05			5 fein.
Líffæra-og lífeðlisfræði	LÍOL2LI05		5 fein.	
Líffæra-og lífeðlisfræði	LÍOL2SS05		5 fein.	
Líkamsbeiting	LÍBE1HB01	1 fein.		
Lyfjafræði	LYFJ2LS05		5 fein.	
Náttúrufræði	NÁTV1LF05	5 fein.		
Næringarfræði	NÆR11ON05	5 fein.		
Samskipti	SASK2SS05			5 fein.
Sálfræði	SÁLF2AA05		5 fein.	
Sálfræði	SÁLF3ÞS05			5 fein.
Siðfræði	SIÐF2SF05		5 fein.	
Sjúkdómafræði	SJÚK2GH05		5 fein.	
Sjúkdómafræði	SJÚK2MS05		5 fein.	
Skyndihjálp	SKYN2SE01		1 fein.	
Sýklafræði	SÝKL2SS05		5 fein.	
Upplýsingalæsi	UPPÆ1SR05	5 fein.		
Verkleg hjúkrun	HJVG1VG05	5 fein.		

Sjúkraliðabraut samkvæmt nýrri námskrá 2017 (206 feiningar)

Vinnustaðanám – 24 feiningar

Námsgrein	Skammstöfun	1.þrep	2.þrep	3.þrep
Vinnustaðanám/ verklegt nám á deild/ólaunað	VINN2LS08		8 fein.	
Vinnustaðanám/verklegt nám á deild/ólaunað	VINN3GH08		8 fein.	
Vinnustaðanám/verklegt nám á deild/ólaunað	VINN3ÖH08		8 fein.	

Starfsþjálfun – 27 feiningar

Námsgrein	Skammstöfun	1.þrep	2.þrep	3.þrep
Starfsþjálfun	STAF3PJ27			27 fein

Athugið að starfsþjálfun eru 80 vaktir, launuð og tekin á a.m.k 2 deildum eða stofnunum.

Sjúkraliðabraut skv. nýrri námskrá – Uppröðun sérgreina á annir

Haust 2017	Vor 2018	Haust 2018	Vor 2019	Haust 2019	Vor 2020
HJVG1VG05	HJÚK3ÖH05	HJÚK2TV05	HJÚK3FG05	HJÚK3LO03	STAF3PJ27
LÍBE1HB01	SASK2SS05	HJÚK2HM05	VINN3GH08	SÁLF3PS05	
HJÚK1AG05	VINN3ÖH08	VINN2LS08	LYFJ2LS05	SIÐF2SF05	
NÁTV1IF05/NÁTT1GR05	LÍOL2IL05	SJÚK2GH05	NÆRI1NN05	HBFR1HH05	
UPPÆ1SR05	SJÚK2MS05	SÝKL2SS05	SÁLF2AA05		
LÍOL2SS05					

Sjúkraliðabraut samkvæmt nýrri námskrá 2017 (206 feiningar)

Sjúkraliðabré

Tilgangur náms á sjúkraliðabré er að gefa ófaglærðu fólki með langa starfsreynslu í umönnunarstörfum tækifæri til þess að öðlast starfsréttindi sjúkraliða. Námið var sett á stofn í samvinnu Menntamálaráðuneytis, fjölbrautaskóla sem mennta sjúkraliða og Sjúkraliðafélags Íslands.

Inntökuskilyrði í námið eru:

Að umsækjandi hafi náð 23 ára aldri og hafi að lágmarki 5 ára starfsreynslu við umönnun aldraðra, sjúkra eða fatlaðra, séu starfandi við slíka umönnun og hafi meðmæli frá vinnuveitenda sínum. Auk þess þurfa umsækjendur að hafa lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stéttarfélaga, sveitarfélaga eða annarra aðila að lágmarki 230-260 stundir. Umsækjendur, sem lokið hafa vissum áföngum í framhaldsskóla, geta fengið þá metna sem ígildi námskeiða. Þeir sem uppfylla eftirtalin skilyrði skulu að lágmarki ljúka 128 feiningum af sérgreinánámi sjúkraliðabrautar og 27 feiningum í starfþjálfun.